Ályktun um stöðu fjarskiptamála á Vestfjörðum

71. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið á Patreksfirði 27. og 28. október 2026 lýsir yfir þungum áhyggjum af ófullnægjandi fjarskiptasambandi á Vestfjörðum. Þrátt fyrir ítrekuð vilyrði um úrbætur og fyrri ályktanir Fjórðungsþings hefur lítið áunnist.

Víða á Vestfjörðum er farsíma- og gagnasamband enn ótryggt eða ekkert og dæmi eru um að staðan hafi versnað eftir lokun 3G-þjónustu. Slíkt sambandsleysi er alvarlegt öryggismál, ekki síst með tilliti til neyðarþjónustu, viðbragðsaðila og vegfarenda. Gerð er krafa um að farsímar verði skilgreindir sem öryggistæki.

Fjórðungsþing Vestfirðinga krefst þess að stjórnvöld bregðist án frekari tafa við stöðunni, tryggi fullnægjandi farsíma- og neyðarsamband á Vestfjörðum og leggi fram skýra og tímasetta áætlun um nauðsynlegar úrbætur fyrir lok árs 2027.

Greinargerð

Fullnægjandi farsíma- og gagnasamband er grundvallarþáttur í öryggi, búsetuskilyrðum og atvinnustarfsemi á Vestfjörðum. Þrátt fyrir ítrekuð vilyrði um úrbætur er samband enn ótryggt eða ekkert víða í landshlutanum og dæmi eru um að staðan hafi versnað eftir lokun 3G-þjónustu.

Sambandsleysi er alvarlegt öryggismál, einkum þegar kalla þarf eftir neyðaraðstoð, og getur tafið viðbrögð við slysum og öðrum neyðartilvikum. Þetta á ekki síst við á og við samgönguleiðir þar sem öryggi íbúa, vegfarenda og viðbragðsaðila er undir.

Brýnt er að stjórnvöld bregðist án frekari tafa við stöðunni og tryggi að nauðsynlegar úrbætur á farsíma- og neyðarsambandi á Vestfjörðum komi til framkvæmda.